

9. fundur Betaeildar starfsárið 2017 – 2018

Aðalfundur Betadeildar haldinn í Lionssalnum Ánni í Skipagötu 14, þann 25. maí 2018 kl. 19:00

Mættar voru 17 Betakonur

Boðið var upp á léttar veitingar fyrir fundinn og Betadeild bauð upp á drykki með matnum.

1. Setning fundar

Aníta formaður setti fundinn, kveikti á kertum og flutti kveðjur fjarstaddra kvenna.

2. Orð til umhugsunar

Aníta formaður flutti orð til umhugsunar. Hún lagði út af hugtakinu *félagsauði* sem hún hefur verið að velta fyrir sér í tengslum við nám sitt. Hún las umfjöllun um hugtakið úr bók Sigrúnar Aðalbjarnardóttur, *Virðing og umhyggja; Ákall 21. aldar*.

3. Lestur fundargerðar

Fríða las fundargerð aprílfundar og var hún samþykkt án athugasemda.

4. Skýrsla stjórnar starfstímabilið 2016 – 2018

Aníta formaður flutti skýrslu stjórnar og hlaut lófatak að lestri loknum. Ekki voru gerðar athugasemdir við skýrsluna. Að lestri loknum þakkaði Aníta þeim Ragnheiði Sigurðardóttur og Björk Sigurðardóttur þeirra störf en þær ganga nú úr stjórn. Björk var fjarverandi en Ragnheiði færði hún rós.

5. Ársreikningar

Í fjarveru gjaldkera, Mörthu Lilju Olsen, lagði Sigríður Magnúsdóttir fram ársreikninga fyrir starfstímabilið 2016 – 2018. Að loknum umræðum um ársreikninga voru þeir samþykkir athugasemdalaust.

6. Ársreikningar Elísabetarsjóðs

Sigríður Magnúsdóttir lagði fram ársreikninga Elísabetarsjóðs og voru þeir samþykkir.

7. Kosningar

Aníta kynnti fyrir hönd uppstillingarnefndar tillögur að nýjum stjórnarkonum, þeim Elínu Magnúsdóttur og Hugrúnu Sigmundsdóttur og nýjum formanni Sigríði Magnúsdóttur.

Kosning formanns: Sigríður Magnúsdóttir kosin án mótaskvæða með lófataki.

Kosning stjórnarkvenna: Elín og Hugrún hlutu kosningu án mótaskvæða með lófataki.

Ný stjórn mun skipta með sér verkum á nýju starfsári.

8. Stjórn Elísabetarsjóðs

María Steingrimsdóttir lagði fram tillögu um að stjórn sjóðsins sæti áfram. Var sú tillaga samþykkt með lófataki án athugasemda.

9. Matarhlé

Þá var gert hlé og gæddu fundarkonur sér á veitingum sem bornar voru á fundinn frá veitingahúsinu Strikinu.

10. Erindi frá stjórn

- Vorþing: Aníta sagði frá nýafstöðnu vorþingi DKG á Egilsstöðum og þeim erindum sem flutt voru þar. Erindin hverfðust um menningu og menntun á Austfjörðum. Aníta kom einnig inn á orð Alþjóðaforseta DKG, Carolyn Pittman,

sem hún flutti á þinginu. Carolyn hvatti konur til þess að uppfæra upplýsingar um sig á heimasíðu DKG, sækja sér DKG appið og svo hvatti hún konur á Íslandi til þess að nýta sér þá styrki sem í boði eru á vegum samtakanna. Þær Betakonur sem sóttu þingið lýstu ánægju sinni með gott þing.

- Gjald í Elísabetarsjóð. Aníta lagði fyrir hönd stjórnar fram þá tillögu að með árgjaldi verði greiddar 1000 kr. inn í sjóðinn og að í ár verði einnig greiddar 50.000 kr. frá Betadeild inn í sjóðinn til þess að styrkja stöðu hans. Eftir nokkrar umræður um tillöguna var hún samþykkt samhljóða.
- Lögð var fram hugmynd að sameiginlegum haustfundi með Mý og Ný deildum. Hlaut sú tillaga góðar undirtektir og því vísað til nýrrar stjórnar að kanna möguleika á slíku fundi.

11. Önnur mál

- Minnt var á þá samþykkt að deildin hefur greitt ráðstefnugjald fyrir þær Betakonur sem fara á landsambandsþing og vorþing. Þær konur sem fóru á þingið á Egilsstöðum eiga að fá það greitt, því var vísað til gjaldkera.
- Fríða greindi frá þeirri skoðun sinni að hún teldi mikilvægt væri að halda uppi Elísabetarsjóðnum sem minnisvarða um glæsilegt verkefni sem Betakonur unnu á sínum tíma og tóku félagskonur undir það.

12. Happprætti, desert og kaffi

María Seingrímisdóttir hlaut happprættisvinninginn.

13. Fundarslit

Aníta sleit fundi kl. 21:40 en margar fundarkonur sátu áfram og nutu góðrar samveru fram eftir kvöldi.

Fundargerð ritaði Fríða Pétursdóttir